

Umhverfis- og samgöngunefnd

Nefndarsvið Alþingis

101 Reykjavík

Netfang: nefndarsvid@althingi.is

Reykjavík, 1. apríl 2025

E-2025-027/00.11

Efni: Umsögn um tillögu að breytingum á 89. máli, raforkulög og stjórn vatnamála

Vísað er í umsagnarbeiðni sem barst í tölvupósti þann 25. mars 2025 frá nefndar- og greiningarsviði Alþingis. Óskað var eftir umsögnum við tillögu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis að breytingum á 89. máli, raforkulög og stjórn vatnamála.

Landsvirkjun fagnar þeirri tillögu sem fram er komin um að fært verði inn ákvæði í lög um að heimilt sé að veita bráðabirgðaleyfi, hafi upphaflegt leyfi verið felld úr gildi vegna annmarka á formi eða efni.

Slíkar aðstæður kynnu t.a.m. að vera fyrir hendi hafi leyfi verið felld úr gildi með dómi eða stjórnvaldsúrskurði sökum annmarka á málsmeðferð. Þannig er ekki útilokað að endanleg niðurstaða dómsmáls leiði í ljós ágalla þess eðlis að til skoðunar komi að veita virkjunarleyfi til bráðabirgða gegn því skilyrði að bætt verði úr ágöllum áður en endanlegt leyfi hlýtur afgreiðslu. Það er markmið leyfis til bráðabirgða að skapa tímabundið svigrúm fyrir leyfishafa til þess að bregðast við þeim annmörkum sem viðkomandi úrskurðaraðili eða dómstóll taldi vera á því leyfi sem felld var úr gildi og/eða að láta reyna á lögmæti ógildingar leyfisins fyrir dómstólum.

Að mati Landsvirkjunar er jákvætt að nálgast málið út frá veitingu bráðabirgðaheimildar líkt og fordæmi eru fyrir í íslenskri löggjöf. Sem dæmi má nefna að slíkt ákvæði er að finna í 21. gr. laga um fiskeldi, sem og í 7. gr. a. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, þar sem heimilt er að veita slík leyfi þegar brýnir hagsmunir eru fyrir hendi. Að mati Landsvirkjunar er bæði eðlilegt og æskilegt að slík heimild sé einnig fyrir hendi vegna innviðauppyggingar líkt og vegagerðar, flutningsmannvirkja og virkjanaframkvæmda.

Eftir að hafa leitað álitsgjafar telur Landsvirkjun mikilvægt að gerðar séu breytingar á fyrirliggjandi drögum að frumvarpi, í þá veru að tryggja að útgáfa bráðabirgðaleyfis, leiði ekki til þess að leyfishafi eigi ekki lengur lögvarða hagsmuni af því að fá endanlegan dóm í máli er snýr að upphaflegu leyfi. Með vísan til þess er lagt til að gerðar séu eftirfarandi breytingar á ákvæði um bráðabirgðaheimild sem fram kemur í viðauka minnisblaðs umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis vegna 89. máls, raforkulög og stjórn vatnamála, dags. 19. mars 2025:

Breytingartillögur Landsvirkjunar sýndar í Track Changes:

Viðauki: Hugmynd að breytingatillögu nefndar

A. Í stað 1. gr. frumvarpsins komi fjögur ákvæði, svohljóðandi:

1. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, 4. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Virkjunarleyfi til bráðabirgða.

Hafi virkjunarleyfi verið fellt úr gildi er Umhverfis- og orkustofnun ~~er~~ heimilt í sérstökum undantekningartilvikum, þegar brýn þörf er á að hefja eða halda áfram starfsemi vegna virkjunarframkvæmda skv. 4. gr., að veita rekstraraðila bráðabirgðaheimild að hans beiðni. Heyri framkvæmdin undir lög um umhverfismat¹ ~~framkvæmda og áætlana~~ er skilyrði að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum vegna starfseminnar eða niðurstaða um matsskyldu hennar.

Hafi virkjunar~~ana~~leyfi fyrir framkvæmd sem fellur undir lög þessi og lög um umhverfismat ~~framkvæmda og áætlana~~ verið fellt úr gildi sökum annmarka á umhverfismati samkvæmt lögum ~~um umhverfismat framkvæmda og áætlana~~ getur Umhverfis- og orkustofnun að beiðni rekstraraðila veitt bráðabirgðaheimild fyrir framkvæmdinni í samræmi við skilyrði 1. mgr. ef ríkar ástæður mæla með því. Skal heimildin háð skilyrðum 2. mgr. 25. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021.

Skilyrði fyrir því að unnt sé að óska eftir bráðabirgðaheimild samkvæmt grein þessari er að fullnægjandi umsókn um virkjunar~~ana~~leyfi liggi fyrir hjá Umhverfis- og orkustofnun ~~eða að slíkt leyfi hafi verið verið fellt úr gildi~~. Í umsókn um bráðabirgðaheimild skal tilgreina skýrt tilgang, ástæður og fyrirhugaðar aðgerðir á gildistíma heimildarinnar.

Bráðabirgðaheimild skal háð skilyrðum sem Umhverfis- og orkustofnun setur í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til viðkomandi starfsemi, sbr. 5. gr. Þá getur Umhverfis- og Orkustofnun sett virkjunarleyfi til bráðabirgða önnur þau skilyrði sem þörf er á svo að tilgangi leyfisins verði náð, svo sem um tímafresti til úrbóta og málshöfðunar.

Umsókn um bráðabirgðaheimild fyrir starfsemi skal afgreidd eins fljótt og mögulegt er og eigi síðar en fjórum vikum eftir að fullnægjandi umsókn berst. Umsókn um bráðabirgðaheimild skal auglýst á vefsvæði leyfisveitanda með frest til veitingu skriflegra athugasemda að hámarki í eina viku frá auglýsingu Umhverfis- og orkustofnunar. Að öðru leyti ~~gildataka~~ ákvæði 5., 6. og 34. gr. um útgáfu bráðabirgðaleyfis eftir því sem á við.

Bráðabirgðaheimild má veita til allt að eins árs og er heimilt að ~~endurúttefa eða~~ framlengja ~~leyfið~~ það um allt að eitt ár að uppfylltum skilyrðum greinar þessarar.

Virkjunarleyfi til bráðabirgðaBráðabirgðaheimild skv. 1. mgr. ~~fellur sjálfkrafa úr gildi um leið og fyrir liggur ný úrlausn dómstóls um virkjunarleyfið sem fellt var úr gildi.~~

2. gr.

1 Þessi lög tóku gildi árið 2021 en nauðsynlegt er að hægt sé að vísa með almennum hætti til laga um umhverfismat. Ástæða þess er að fjöldi leyfa er gefinn út á grundvelli umhverfismats sem gefið var út á grundvelli eldri laga um umhverfismat. Umhverfismat gildi almennt í 10 ár.

Á eftir „4. gr.“ í 1. mgr. 33. gr. kemur: , 4. gr. a

3. gr.

Í stað orðanna „í Lögbirtingablaðinu“ í 1. málsl. 4. mgr. 34. gr. kemur: á vefsvæði sínu.

4. gr.

Á eftir „1. mgr. 4. gr.“ í 2. mgr. 37. gr. kemur: , 4. gr. a

B. b- liður 2. gr., sem verður 5. gr., orðist svo: b. Við b-lið 2. mgr. bætist nýr málsl., svohljóðandi: Sé um að ræða virkjunarframkvæmd sem fellur undir orkunýtingarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar samkvæmt lögum um verndar- og **orkunýtingaráætlun** skal taka mið af faglegu mati verkefnisstjórnar verndar- og orkunýtingaráætlunar á virkjunarkostinum við mat Umhverfis- og orkustofnunar.

--

Að lokum telur Landsvirkjun mikilvægt að sams konar bráðabirgðaheimild verði sett inn í skipulagslög vegna framkvæmdaleyfa. Fjölmörg dæmi eru um að framkvæmdaleyfi hafi fallið úr gildi vegna óverulegra annmarka í málsmeðferð eða við leyfisveitingu, sem umsækjandi hefur ekki borið neina ábyrgð á. Eins og áður var vikið að eru fordæmi fyrir veitingu bráðabirgðaleyfa í íslenskri löggjöf, þegar leyfi hafa verið felld úr gildi og brýnir hagsmunir eru fyrir hendi, sbr. ákvæði laga um fiskeldi. Verður að teljast mjög sérstakt að slík heimild sé eingöngu fyrir hendi vegna starfsemi líkt og sjókvíaeldis, en ekki vegna innviðaupphýggingar líkt og vegagerðar, flutningsmannvirkja, virkjanaframkvæmda o.fl.

Með vísan til framanritaðs telur Landsvirkjun mikilvægt að viðeigandi ráðuneyti taki til skoðunar að gerð verði samskonar breyting á skipulagslögum sem taki til framkvæmdaleyfa, nánar tiltekið að heimilt verði að gefa út bráðabirgðaleyfi ef framkvæmdaleyfi hafa verið felld úr gildi og brýnir hagsmunir eru fyrir hendi.

Virðingarfyllst,

Kristín Linda Árnadóttir
Aðstoðarforstjóri

Geir Arnar Marelsson
Forstöðumaður lögfræðimála